

## Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar

Ár 2023, mánudaginn 13. nóvember, var haldinn 123. fundur neyðarstjórnar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 09:00. Viðstödd voru, auk borgarstjóra, Anna Kristinsdóttir, Dagný Ingadóttir, Diljá Ragnarsdóttir, Ebba Schram, Einar Þorsteinsson, Eva Bergþóra Guðbergsdóttir, Lóa Birna Birgisdóttir og Þorsteinn Gunnarsson. Eftirtaldir tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti: Halldóra Káradóttir, Helgi Grímsson, Jón Viðar Matthíasson, Ólöf Örvarsdóttir, Óskar Jörgen Sandholt og Rannveig Einarsdóttir, Svava Steinarsdóttir, Tómas G. Gíslason og Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

### Þetta gerðist:

- Staða mála í ljósi neyðarstigs Almannaavarna vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga var kynnt. Farið var yfir viðburði helgarinnar m.a. rýmingu Grindavíkurbæjar og ákvörðun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um að virkja neyðarstjórnir sínar til að vera reiðubúin að taka að sér verkefni, s.s. á sviði velferðar, skóla og frístunda, íþróttar og tómstunda og umhverfismála.
- Staða mála var kynnt vegna yfirstandandi vinnu við að börn á leikskóla- og grunnskólaaldri frá Grindavík geti hafi skólagöngu að nýju eins fljótt og hægt er.
- Staða mála var kynnt varðandi undirbúning Reykjavíkurborgar vegna mengunar-, gas- og öskuspáa.
- Borgarstjóri upplýsti að bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar hafi verið boðin tímabundin afnot af rými á 2. hæð í Ráðhúsi Reykjavíkur til afnota ásamt fundarherbergjum. Áætlað er að ákvörðun liggi fyrir í lok dags.

**Fundi slitið 09:43**